

Forsætisnefnd

***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lækkingu kostnaðar við útsendingu af fundum borgarstjórnar.***

Á fundi forsætisnefndar 13. desember sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að leitað verði leiða til að lækka enn frekar kostnað við tækni- og útsendingar á borgarstjórnarfundum. Kostnaður nemur oft allt að hálfri milljón. Á síðasta forsætisnefndarfundum bárust upplýsingar um tækni og útsendingakostnað borgarstjórnarfundum. Borgarfulltrúi Flokks fólksins lýsti furðu sinni á þessum háa kostnaði í bókun og birtist sú bókun í fjölmiðlum. Í kjölfar þess að bókun Flokks fólksins birtist í fjölmiðlum höfðu tveir tæknimenn samband í netpósti og töldu að lækka mætti þennan kostnað um a.m.k. helming. Þeim ber saman um að hann er ekki í takt við raunveruleikann. Núverandi gæði útsendinga eru heldur ekki góð t.d. fara hljóð og mynd ekki saman. Önnur sveitarfélög hafa sem dæmi fjárfest í búnaði og með uppsetningu hans er kostnaður um 280.000 eftir því sem fram kemur hjá tæknimanni. Enginn aukakostnaður ætti þá að vera á hvern fund og ekki þarf sérþekkingu til að kveikja og slökkva á búnaðinum. Skoða þarf þetta út frá öllum hliðum, fá faglega ráðgjöf, bera saman verð og leita svo útboða samkvæmt innkaupareglum borgarinnar. Umfram allt á borgin að eiga þennan búnað og fela starfsmanni Ráðhúss að kveikja og slökkva á honum. Með þeim hætti sparar borgin mikið fé.*

Eins og upplýst hefur verið á vettvangi forsætisnefndar hefur Innkaupaskrifstofa f.h. skrifstofu borgarstjórnar óskað eftir tilboðum í tæknilega þjónustu við fundi borgarstjórnar. Um er að ræða umsjón með útsendingu til að streyma lifandi mynd á vef og streymisveitur. Einnig skal streyma hljóði í rauntíma um streymisveitu. Útboðið er nr. 14705 um þjónustusamningur um tæknilega þjónustu við fundi borgarstjórnar Reykjavíkur, opnunartími og tilboðsfrestur til 17. janúar kl. 14.00. Í tæknilýsingu útboðsgagna kemur m.a. fram að það er bjóðanda að útvega nauðsynlegan vél- og hugbúnað (streymistölvu, myndstjórnarhugbúnaður o.s.frv.) til að streyma lifandi mynd á vef og streymisveitur (t.d. Youtube/Facebook). Aukinheldur skal

Þjóðandi gera hljóðstraum af fundum aðgengilegan til streymis í rauntíma. Hugbúnaðurinn skal vera útfinn og hafa verið notaður í a.m.k. eitt ár á almennum markaði. Upplýsingar um það sem fer fram á borgarstjórnarfundum skal vera framsett sem yfirlag á myndstraumi á sérstakri rás. Það inniheldur m.a. nafn borgarfulltrúa, tímasetning, mælendaskrá, niðurstöður rafrænna kosninga og málsheiti. Hljóð og myndefni skal vera varðveitt og afhent Reykjavíkurborg í samræmi við Skjalastefnu Reykjavíkurborgar og lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 sem og reglur Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Myndefni skal afhent á skráarsniðinu AVI eða MOV með sem minnstri þjöppun. Hljóð skal afhent sem WAV, AIFF eða FLAC.

Mælt er með því að tillögunni verði vísað frá í ljósi þess að þegar hefur verið ákveðið að bjóða þjónustuna út og útboð stendur yfir.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar